

STJÓRNARTÍÐINDI B 45 – 2001

24. apríl 2001

739

Nr. 334

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Eskifjarðar 1988 - 2008, hafnarsvæði, Fjarðabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. apríl 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eskifjarðar 1988 - 2008 frá 21. maí 1990.

Breytingin varðar iðnaðar- og hafnarsvæði sem er stækkað til austurs með fyllingu í sjó og nýjum viðlegukanti. Verslunar- og þjónustusvæði sem áður var tvískipt er sameinað í eitt svæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fjarðabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 24. apríl 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

24. apríl 2001

Nr. 335

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993 - 2013, leikskólalóð sunnan Borgarheiðar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. apríl 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993 - 2013 frá 19. maí 1994.

Breytingin felur í sér eftirtaldar landnotkunarbreytingar:

Íbúðarsvæði norðan hússins Hraunbæjar, sunnan Borgarheiðar, breytist í stofn-
anasvæði (S5 dagheimili/leikskóla).

Þar breytist einnig lega opins útivistarsvæðis Ú13 (leikvellir/hverfisvellir).

Lítill hluti svæðis suðaustan Hraunbæjar sem í dag er ylræktarsvæði verður að
íbúðarsvæði.

Svæði vestan Dynskóga sem áður bar merkinguna S5 (dagheimili/leikskóli) verður að
ósérmerktu stofnanasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 24. apríl 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.